

Fjöldi URL er um 16,8 milljónir og heildargagnamagnið er um 285 GB. Nánari upplýsingar verður að finna á vefslóðinni vefsofnun.bok.hi.is.

Það er lítið gagn í að safna vefsíðum í vefsafn ef ekki er unnt að vinna með safnið, leita í því og finna það efni sem notandinn hefur áhuga á. Nokkuð ljóst er miðað við eðli vefsafnsins og efnismagnið að hefðbundin skráning er ekki gerleg. Norðurlöndin vinna því saman að því að þróa aðferðir til að gera efnisyfirlit yfir vefsafnið og búa til leitarviðmót. Notaðar eru sömu aðferðir og við almennar leitir á vefnum. Verkefnið nefnist *Nordic Web Archive*. Nánari lýsingu á því er að finna á vefslóðunum <http://nwa.nb.no> og <http://nwa.nb.no/demo/browser/search2.php>

Landsbókasafn vinnur nú að því að skilgreina vinnuferli við söfnun vefsíðna og aðgang að þeim og ljúka við að setja upp og prófa þann hugbúnað sem nauðsynlegur er. Í haust vonast Landsbókasafn til að söfnunin verði orðin vel skilvirk og aðgangur að vefsafninu kominn í gott horf. Ennfremur á Landsbókasafn samvinnu við önnur Norðurlönd og stór þjóðbókasöfn um frekari þróun hugbúnaðar og aðferða til að safna vefsíðum, vista þær til frambúðar og veita aðgang að þeim.

Þorsteinn Hallgrímsson

Nýi Gegnir opnaður

Þann 19. maí síðastliðinn hóf nýi Gegnir göngu sína þegar kerfið var opnað með formlegum hætti í Þjóðarbókhöðunni. Það var Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra sem opnaði kerfið og framkvæmdi leit í því — og leitaði hann reyndar að Njálu með góðum árangri. Tómas Ingi gat þess í ávarpi sínu að ráðgert er að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn fari með hlut ríkisins í Landskerfi bókasafna. Við þetta tækifæri flutti Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður ávarp og minntist Sigbergs Friðrikssonar sem samdi forsögn fyrir flutning gagna í kerfið en lést svo fyrir aldur fram í fyrra. Jónmundur Guðmarsson, stjórnarformaður Landskerfis bókasafna, flutti einnig ávarp og þakkaði gott samstarf við starfsfólk Landsbókasafnsins, svo og gott samstarf ríkis og sveitarfélaga sem fjármagna innleiðingu og rekstur kerfisins sameiginlega.

Þó að kerfið hafi verið opnað þennan dag er ljóst að það er ekki tilbúið að öllu leyti og mega menn ekki gleyma að það verður stöðugt í þróun. Mikilvægustu þættir kerfisins virka. Það er hægt að lána út í því, það er hægt að leita og það er hægt að skrá. Menn hafa rekið sig á að kerfið skilar full mörgum færslum, t.d. þegar leitað er eftir höfundum, því að lagfæra þarf lyklu. Þá þurfa menn enn að bíða þess að þættir á borð við millisafnalán og afritun færslna úr erlendum bókræðigrunnum virki rétt. Margt fleira mætti nefna sem huga þarf að og svo má ekki gleyma því að yfirfærsla gagna heldur áfram af fullum krafti því nú er röðin komin að Fengssöfnunum og öðrum söfnum þar á eftir.

Þrátt fyrir allt sem ógert er þá var opnun kerfisins í maí geysimikilvægur áfangi og gleðistund fyrir þá fjölmörgu sem hafa lagt verkefninu lið með beinum hætti á undanförunum árum. Við hjá Landskerfi bókasafna tökum heils hugar undir þakkar þeirra sem fluttu ávörp við opnun kerfisins.

Árni Sigurjónsson framkvæmdastjóri

Úthlutun styrkja vegna upplýsingatækni í almenningsbókasöfnum

Menntamálaráðherra hefur úthlutað styrkjum af fé því sem veitt er vegna upplýsingatækni í almenningsbókasöfnum í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr.